



ÖKUKENNARAFÉLAG ÍSLANDS

ISLANDS TRAFIKSKOLE UNION / THE ICELANDIC UNION OF DRIVING SCHOOLS ASSOCIATIONS

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/1209
komudagur 8.3.2006

Reykjavík 7. mars 2006

Frumvarp til umferðarlaga, 503. mál, EES-reglur o.fl.

Eftirfarandi eru athugasemdir Ökukennarafélags Íslands:

Í 11. grein sem er breyting á 72 grein segir:

“Hver sá sem situr í sæti bifhjóls sem búð er öryggisbelti skal nota beltíð þegar bifhjólíð er á ferð.”

Að mati Ökukennarafélagsins orkar það tvímælis að staða ökumanns og farþega á bifhjólí sé öruggari við óhapp þó öryggisbelti sé notað. Til að notkun öryggisbeltis skili árangri þarf vörn fyrir ökumann og farþega sem að lágmarki væri veltigrind.

Í 18. grein sem er breyting á 114. grein er gert ráð fyrir hækkun umferðaröryggisgjalds úr kr. 200 í kr. 400 eða um 100%.

Samkvæmt skýringum er gjaldið sagt renna til Umferðarstofu til að standa straum af útgjöldum vegna umferðaröryggisáætlunar.

Ökukennarafélagið bendir á að þetta gjald leggst oftar en einu sinni á stóran hluta eigenda ökutækja og er viðbótarskattlagning.

Í greinargerðinni er sagt að verja eigi hluta fjárins til fræðslu ökumanna í þjónustu ýmissa fyrirtækja.

Í þessu sambandi spyr Ökukennarafélagið hvort um stefnubreytingu að hálfu hins opinbera sé að ræða þannig að nú eigi að niðurgreiða kennslu og þjálfun til atvinnuökumanna. Eða ætlar Umferðarstofa sem opinber stofnun að fara í samkeppni um símenntun atvinnuökumanna við sjálfstætt starfandi ökuskóla í landinu með opinberu skattfé ?

Virðingarfyllst,

Þorvaldur Finnboason
ritari stjórnar